

LEIÐBEININGAR VEGNA SAMRÁÐSGÁTTAR

Tilgangur samráðsgáttarinnar er að kynna Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna fyrir íbúum Kópavogs og gefa þeim tækifæri til þess að koma á framfæri ábendingum um innleiðingu Heimsmarkmiðanna í Kópavogi.

Þátttaka í samráðsgáttinni er valkvæð og vinnsla þeirra upplýsinga sem safnast byggir á samþykki þátttakenda sem gefið er við innskráningu með rafrænum skilríkjum, þ.á.m. með Íslykli.

Þeir íbúar sem eru með rafræn skilríki og eru fæddir árið 2006 og fyrr geta tekið þátt í gegnum samráðsgáttina. Öðrum áhugasömum íbúum Kópavogs er bent á að senda ábendingar á netfangið heimsmarkmidin@kopavogur.is.

Samráðsgáttin verður opin frá 6. september 2019. Ábendingar úr gáttinni verða teknar saman og hafðar til hliðsjónar í innleiðingarferlinu. Ábendingar um að bæta við eða fella út markmið munu nýtast bæjarstjórn við endurskoðun forgangsmarkmiða. Gögnum sem safnast við vinnsluna verður eytt að lokinni úrvinnslu.

Við innskráningu má sjá númeraða ferninga fyrir hvert Heimsmarkmið frá nr. 1-17. Þegar smellt er á ferning birtast forgangsmarkmið Kópavogs þar sem hægt er að skrá ábendingar við hvert og eitt. Þar má einnig sjá ónúmeraðan ferning merktur **Breytingar** þar sem hægt er að skrá ábendingar um hvort viðkomandi vill bæta við eða sleppa markmiðum. Heimsmarkmið nr. 2 og 7 eru ekki skilgreind sem forgangsmarkmið í fyrsta áfanga innleiðingar hjá Kópavogi en þegar þeir ferningar eru valdir má sjá valin forgangsmarkmið sem styðja samt sem áður við Heimsmarkmið nr. 2 og 7.

Vinsamlegast athugið að númeraðir ferningar með Heimsmarkmiðunum frá 1-17 raðast þannig í gáttinni að sá ferningur sem er staðsettur efst til vinstri hverju sinni er sá kubbur sem flestir hafa skrifað ábendingu við. Þar sem textinn í markmiðunum kemur beint frá Sameinuðu þjóðunum þá er ekki hægt að breyta orðavali þar.